

Árlegt stöðumat (ARCP)

Árlegt stöðumat er formlegt, skipulagt og vottað mat á frammistöðu námslæknis. ARCP er gert amk.einu sinni á ári hjá öllum námslæknum. Þetta er skipulagt sem næst áraskiptum hjá námslækni.

ARCP fer fram í janúar og nóvember ár hvert. Aðilar frá Royal College of Physicians eru viðstaddir sem liður í erlendri vottun á prógramminu.

Í árlegu stöðumati er námslæknir metinn miðað við ákvörðunartól fyrir framhaldsnámið og til þess er ePortfolio námslæknis skoðað og byggir matið á mismunandi tegundum af vottuðum matsblöðum fyrir starfstengt mat, umsögnum sérfræðilækna, ásamt skýrslu sérnámshandleiðara (Annual ES report) og önnur skjöl er námslæknir hleður inn til að sýna fram á að hæfniskröfum fyrir framhaldsnáminu sé mætt.

Árlegt stöðumati lýkur með því að námslæknir fær ákveðna útkomu.

Niðurstaða þessa mats getur verið:

1	Ásættanlegur framgangur – hefur staðist hæfniskröfur og heldur áfram í námi.
2	Þörf á frekari vinnu að ákveðnum hæfniskröfum. Krefst ekki viðbótartíma í námi.
3	Ófullægjandi framgangur – þörf á viðbótartíma í námi.
4	Námslæknir leystur úr prógrammi með eða án upplýsinga um árangur.
5	Sýnt fram á ófullnægjandi upplýsingar – hugsanleg þörf á viðbótartíma í námi.
6	Hefur staðist allar hæfniskröfur framhaldsnáms. Heldur áfram til frekara náms. Sú útkoma sem námslæknir fær í ARCP ræður því hvernig framgang námslæknir fær.

Niðurstaða úr ARCP er aðgengileg fyrir námslækni í ePortfolio eftir árlega stöðumatið. Þeir námslæknar sem ekki fá útkomu 3, 4 eða 5 eru boðaðir í viðtal í kjölfar árlega stöðumatsins til að ræða niðurstöðuna og ráðlögð næstu skref.